

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps innheimtir gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með innheimtu móttökugjalda á söfnunarstöðvum, eigi það við.

2. gr.

Sorphreinsunargjald greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 25.718 á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

Sorpeyðingargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 22.208 á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

Sorpgjald fyrirtækja greiðist árlega. Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum.

Hvert fyrirtæki greiðir lágmarkssorpgjald 47.926 kr. á ári., sem er annars vegar 25.718 kr. í sorphreinsunargjald og hins vegar 22.208 kr. í sorpeyðingargjald. Gjaldið tekur mið af 240 l tunnu.

Á hvert frístundahús (sumarbústað), greiðist þjónustugjald kr. 14.378 sem er 30% af fullu gjaldi (kr. 35.500), enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins.

Fyrir hverja aukatunnu skal greiða 22.978 kr./ár.

Fyrir sorp umfram framangreint greiðist samkvæmt gjaldskrá Vopnafjarðarhrepps.

3. gr.

Gjaldskrá vegna móttöku úrgangs á safnstöð og sorphaugum Vopnafjarðarhrepps skal vera með eftirfarandi hætti:

Móttökugjald	<i>Kr. án/vsk</i>
<i>Móttökugjald fyrir hvern farm allt að:</i>	
0,25 (1/4) m ³	0
0,50 (1/2) m ³	1.576
0,75 (3/4) m ³	2.362
1,0 m ³	3.150
Óflokkað	<i>Kr./kg án.vsk</i>
<i>Blandaður úrgangur:</i>	18,5
Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar í böggum	
<i>Grófur úrgangur:</i>	20,8
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir böggum og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, steinefni og gler.	
Flokkað	
<i>Timbur:</i>	
Hvítmálað, plasthúðað og blandað	17,3
Flokkað timbur og greinar (ekki hvítmálað og án aðskotahluta)	11,5
Hey trjáafklippur, gras, hálmur og arfi	0
Dagblöð/tímarit til endurvinnslu	0
Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prentsmiðju	0
<i>Málmar:</i>	0
<i>Úrgangur sem ber úrvinnslugjald:</i>	
Umbúðir úr sléttum pappa	0
Plastumbúðir	0
Heyrúlluplast	0
Bylgjupappi	0

Hjólbarðar	0
Raftæki	0
Spilliefni (heimilt er að taka gjald fyrir útlögðum kostnaði v/spilliefna sem ekki bera úrvinnslugjald)	0
<i>Annað:</i>	
Smádyrahæ, sláturúrgangur og fiskúrgangur	12,7
Fljótandi úrgangur (seyra)	12,7
Húsdýraúrgangur	0
Ómengaður úrgangur til urðunar, (jarðvegur, steinefni, sem ekki nýtist til jarðgerðar, sem fyllingarefni eða til landmótunar á urðunarstað)	15,0

Íbúar geta skilað allt að ½ rúmmetra af heimilissorpi á dag til móttökustöðvarinnar gjaldfrjálst.

Gjaldskyldir farmar frá atvinnurekstri undir ¼ m³ bera lágmarksgjald kr. 3.140.

Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er verktaka heimilt að innheimta tímagjald skv. gjaldskrá verktaka.

4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu skv. 2. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum. Gjald dagar þessara gjalda skulu vera þeir sömu og annarra fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

5. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöldin eru og tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálsgrein 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Vopnafjarðar 14. desember 2023, með stoð í 7. gr. samþykktar um sorphreinsun í Vopnafjarðarhreppi, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2024. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi nr. 1489/2022.

Vopnafirði, 14. desember 2023.

Sara Elísabet Svansdóttir sveitarstjóri.